

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu við intersex og trans fólk.

Frá Jódísi Skúladóttur.

1. Er ráðherra kunnugt um fjölda skráðra tilvika þar sem fólk, bæði fullorðnir og börn, fær ekki viðeigandi þjónustu innkirtlalæknis á grundvelli laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019?
2. Hefur áskilnaður 12. og 13. gr. laga um kynrænt sjálfræði um teymi sérfræðinga verið uppfylltur?
3. Telur ráðherra að nógu margir sérfræðingar starfi við heilbrigðisþjónustu sem veitt er intersex og trans fólki?
4. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að skjólstæðingar njóti heilbrigðisþjónustu samkvæmt fyrrnefndum lögum?

Skriflegt svar óskast.